

Efnisyfirlit

Tillögur til 32. aðalfundar	2
Félag smábátæigenda á Austurlandi.....	2
Hrollaugur	4
Árborg.....	8
Farsæll.....	9
Reykjanes.....	9
Reykjavík	10
Sæljón	13
Snæfell	17
Krókur.....	20
Elding	22
Strandir.....	26
Skalli.....	27
Drangey	28
Klettur	29
Fontur.....	35
Stjórn Landssambands smábátæigenda.....	36
Tilnefningar í grásleppunefnd LS	32

Tillögur til 32. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

Félag smábátæigenda á Austurlandi

*Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi,
haldinn 26. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að hvergi verði kvikað frá þeirri sanngjörnu kröfu að strandveiðar verði heimilaðar 4 daga í viku 4 mánuði á ári.
2. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi krefst þess að veiðigjald smærri útgerða án vinnslu verði endurskoðað og verulegur afsláttur veittur til þeirra af gjaldinu. Það nær ekki nokkurri átt að litlar einstaklingsútgerðir greiði sama gjald og stórútgerðir með vinnslu og söluskrifstofur erlendis. Með því að láta alla greiða jafnt er ríkisvaldið að stuðla að samþjöppun veiðiheimilda og er veiðigjaldið í núverandi mynd byggð fjandsamlegt.
3. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi er mótfallinn uppboðsleið aflaheimilda.

4. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi lýsir yfir vonbrigðum með að endurvigtunarleyfi hafi ekki verið aflögð. Telur fundurinn að þær aðgerðir sem var farið í á síðasta ári sé ódýrt yfirlór.
5. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi óskar eftir því við stjórnvöld að reglum um úthlutun byggðakvóta verði breytt þannig að þeir bátar sem leigi meiri veiðheimildir frá sér en til sín verði ekki með í úthlutun byggðakvóta næsta kvótaár á eftir.
6. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi lýsir áhyggjum sínum með veiðiaðferðir á sæbjúgum þar sem dreginn er stór stálbiti eftir botninum með keðjur undir, sem hlífa pokanum. Skipstjórnarmenn lýsa þessu sem jarðýta með ripper fari um botninn. Fer fundurinn fram á að fram fari rannsóknir á hvaða áhrif veiðarfærin hafi á botninn.
7. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun á kvóta við löndun.

Greinargerð

Með þessum hætti ætti gagnsæi við úthlutun byggðakvóta að aukast og einnig auðvelda nýjum aðilum að koma inn, þar sem ekki þurfi veiðireynslu frá síðasta kvótaári til viðmiðunar.

Eftir sem áður yrðu reglur fyrir einstök byggðalög. Byggðaívilnun með breytilegri prósentu eftir byggðalögum þar sem vægi byggðakvóta væri misjafnt eftir byggðalögum þ.a.s. sum byggðalög væru t.d. með 75% til kvóta en önnur með 90% til kvóta.

8. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi krefst þess að hætt verði að rukka sérstakt gjald á strandveiðibáta, þ.e. það fimmtíu þúsund króna gjald sem rennur til hafna.
9. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að ufsi veiddur á handfæri teljist ekki til kvóta.
10. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi hvetur grásleppuveiðimenn til að hefja ekki veiðar á vertíðinni 2017 fyrr en verð liggur fyrir. Fundurinn telur að lágmarksdagafjöldi á grásleppuveiðum verði aldrei færri en 32.
11. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi tilnefnir Kára Borgar Ásgrímsson sem fulltrúa í grásleppunefnd LS.
12. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi telur að fækka eigi fulltrúum í grásleppunefnd LS niður í þrjá nefndarmenn. Telur fundurinn að öll vinna í nefndum verði skilvirkari með færri nefndarmönnum.

Hrollaugur

Aðalfundur Hrollaugs, félags smábátæigenda á Hornafirði,

haldinn 27. september 2016, samþykkti eftirfarandi:

1. Félagsmenn í smábátafélaginu Hrollaugi á Hornafirði sem stunda strandveiðar á svæði D mótmæla öllum þeim hugmyndum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um að lengja strandveiðitímabilið eingöngu á svæði D en ekki á öðrum svæðum.

Greinargerð

Við lítum svo á að hugmyndir um að lengja tímabil strandveiða á einu svæði en ekki öllum sé eingöngu sett fram til að sundra strandveiðimönnum sem hafa þá sameiginlegu kröfu í gegnum Landssamband smábátæigenda að fá að stunda strandveiðar 4 daga í viku allt strandveiðitímabilið frá 1. maí – 31. ágúst. Öll pólitísk skemmdarverk á strandveiðikerfinu sem einungis er sett fram til að ala á sundrungu og óeiningu meðal strandveiðimanna verður litið mjög alvarlegum augum.

Það er augljóst hvaða breytingar þarf að gera á strandveiðikerfinu til þess að bæta það og gera það arðvænlegt fyrir þær útgerðir sem inni í því eru. Það veit ráðuneytið jafn vel og við þar sem við höfum reglulega bent á það. Krafan er einföld, 4 dagar í viku allt strandveiðitímabilið á öllum svæðum fyrir alla strandveiðimenn.

Hrollaugur hvetur strandveiðimenn um land allt, að mótmæla kröftuglega hverslags gjörningum sem miða að því að koma í veg fyrir samstöðu um gott og öflugt strandveiðikerfi þar sem hver og einn strandveiðimaður vegur jafnt. Það eru pólitísk öfl þarna á ferð sem eru að reyna að sundra okkur öllum. Stöndum saman – höfnum öllum brauðmolum sem hent er í suma ökkar.

Hrollaugur afþakkar frekari afskipti núverandi sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnar af málefnum strandveiðimanna. Eins og þú Gunnar Bragi þá höfum við sagt þér upp störfum sem sjávarútvegsráðherra. Við treystum þér ekki.

2. Hrollaugur vill að krókaveiðar á makríl verði frjálssar og hlutdeild þeirra í veiðunum verði að lágmarki 16%.

3. Hrollaugur mótmælir núverandi formi á byggðakvóta og leggur til að hann verði allur settur í strandveiðikerfið.

Strandveiðar hafa sannað gildi sitt sem eitt öflugasta byggðarfestukerfi sem komið hefur verið á laggirnar í seinni tíð. Það á tvímælalausta að efla.

- ° styrkja mannlíf hinna dreifðu byggða
- ° glæða hafnir landsins lífi
- ° efla fiskmarkaði og vinnslur um land allt
- ° sýna ferðamönnum íslenskan sjávarútveg
- ° opnað fyrir nýliða til að hasla sér völl í útgerð

Hvatning til smábátæigenda um land allt

Höldum kröfum okkar lifandi í fjölmiðlum um land allt alla daga, hjá stjórnmalaflokkunum, þingmönnum og tilvonandi þingmönnum. Köllum eftir afstöðu þeirra áður en við kjósum. Haustið og veturinn skulum við nýta til þess að berjast taktískt, allir sem einn, fyrir sömu kröfunni.

Fundum með okkar félögum um aðgerðir og hugsom út fyrir boxið, sendum fyrirspurnir á þá sem bjóða sig fram, förum í fjölmiðla og aukum umræðuna, verum sýnileg/ir og stöndum saman.

Með markvissum aðgerðum LS, aðildarfélaga þess og strandveiðimanna allra munum við ná fram sanngjarnri kröfu okkar.

Marserum í takt. Ekkert fær stöðvað þann fjölda sem kemur að útgerð 660 standveiðibáta.

4. Öll samskipti LS, ríkisstjórnar og ráðuneyta verði opinber á síðu félagsins.

Með því að opinbera öll þessi samskipti dregur það úr efa um að stjórn LS sé ekki að vinna sína vinnu. Þannig geta félagsmenn séð hvernig vinnan er unnin og komið með uppástungur um lagfæringar um mál sem betur mætti koma að. Þá getur þessi möguleiki létt kvart og kvein á stjórn LS, þar sem menn sjá það svart á hvítu hvað er í gangi hverju sinni.

5. Fá almennar reglur yfir löndunarkrana, búnað bryggja og samræmingu vinnueftirlits og hafnarmannvirkja.

Hvergi stendur í reglum neitt um löndunarkrana, hvernig uppsetningu þeirra skuli háttað, né hvernig bryggjuaðstaða á að vera lögum samkvæmt í kringum löndunarkrana smábáta. Hér má einnig nefna það að stjórn tæki allra löndunarkrana ættu að vera eins!

6. Farsímasamband á Lónsbugt (frá Stokksnesi austur fyrir Hvalnes).

Þetta svæði er nánast allt símasambandslaust, einnig alveg upp við Hvalnes. Sama gildir um AIS samband á Papagrunni.

7. Afnema skal sölubann á lúðu.

Árborg

*Aðalfundur Árborgar, félags smábátæigenda á Suðurlandi,
haldinn 13. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Árborg hvetur aðalfund LS til að mótmæla af öllum mætti því gerræði sjávarútvegsráðherra að taka 200 tonn úr strandveiðipotti á svæði D og deila til annarra svæða og krefjast þess að þessum 200 tonnum verði skilað aftur.
2. Árborg hvetur aðalfund LS til að kvika ekki frá kröfunni um 4 daga í viku í 4 mánuði fyrir strandveiðibáta.
3. Árborg leggur til að makrílveiðar á króka verði gefnar frjálssar og reglugerð sem gefin var út fyrir tveimur árum verði felld úr gildi.
4. Árborg hvetur aðalfund LS til að krefjast þess að útgerðir sem ekki hafa vinnslu og landa á markaði fái verulegan afslátt af veiðigjöldum, slíkt mun bæði styrkja markaðina sem eiga undir högg að sækja og svo viðkvæmustu útgerðirnar sem eingöngu byggja á veiðum.
5. Árborg hafnar öllum hugmyndum um uppboðsleið á aflaheimildum.

Farsæll

*Aðalfundur Farsæls, félags smábátæigenda í Vestmannaeyjum,
haldinn 30. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Farsæll vill að strandveiðar verði 4 dagar í viku, 4 mánuði samfellt.
2. Farsæll leggur til frjálssar makrílveiðar smábáta.
3. Farsæll vill að krókaveiddur ufsi verði utan kvóta.
4. Farsæll er alfarið á móti byggðakvóta.☺
5. Farsæll vill lækkun á veiðigjaldi á þá báta sem selja afla á fiskmarkaði.
6. Farsæll krefst þess að þorskvóti verði a.m.k. 270.000 tonn.
7. Farsæll vill að LS beiti sér fyrir því að sett verði upp sjálfvirk veðurathugunarstöð á Reynisfjalli eða Dyrhólaey.

Reykjanes

*Aðalfundur Reykjanness, félags smábátæigenda á Reykjanesi,
haldinn 1. október 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Reykjanes vill að strandveiðar verði 4 dagar í viku, 4 vikur í mánuði, 4 mánuðir á ári.

2. Reykjanes krefst að ufsi reiknist ekki til viðmiðunar í strandveiðum.
3. Reykjanes vill að lokunin sem gildir frá 15. október til 1. maí verði varanleg.
4. Reykjanes vill að hrygningarstopp taki gildi á loðnu. Loðnustofninn er í mikilli lægð og þarf að sýna sérstaka varúð varðandi veiðar.
5. Reykjanes vill að útgerðir smábáta án vinnslu sem landa á Fiskmarkaði fái afslátt af veiðigjaldi.
6. Reykjanes hafnar öllum framkomnum hugmyndum um uppboðsleið.

Reykjavík

Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur,

haldinn 12. september 2016, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundurinn krefst þess að makrílveiðar smábáta verði tafarlaust gefnar frjálsar.

Greinargerð

Af ótrúlegri skammsýni og sérgirni voru handfæraveiðar smábáta kvótasettar.

Þar var fónað prýðilegu tækifæri nýs afkomumöguleika fyrir smábátaflotann fyrir hagsmuni fárra. Til að fullkomna skömmina var það gert með rökum sem halda hvorki vatni né vindi.

Nýlegar rannsóknir sýna að aldrei hefur gengið meira magn makríls inn í íslensku efnahagslögsöguna. veiðar smábáta á þessari tegund geta aldrei skipt neinu varðandi afkomu þessa risavaxna fiskstofns og þær bábiljur að markaðsstarf Íslendinga erlendis myndi bíða hnekki eru í besta falli hlægilegar.

2. Aðalfundurinn krefst þess að veiðigjöld verði lækkuð og reiknuð með þeim hætti að þau samræmist afkomu viðkomandi útgerða.

Greinargerð

Allar athuganir sýna að veiðigjöldin koma lang verst við smábáta-útgerðina. Sé það ætlun og tilgangur ráðamanna, eiga þeir að segja það hreint út. Og hætta að tala um hversu umhugað þeim er um nýliðun í sjávarútvegi og litlu fyrirtækin.

3. Aðalfundurinn krefst þess að strandveiðikerfinu verði breytt til þess vegar sem síðustu aðalfundur LS hafa samþykkt. Hætt verði með hin illræmdu aflapök og strandveiðibátum heimilaðar veiðar ákveðinn dagafjöldi í viku, ákveðinn hluta úr árinu.

Smábátafélag Reykjavíkur bendir sérstaklega á þá aðstöðu sem suð-vestur horn landsins er í hvað varðar tímasetningu veiðanna. Handfæratímabilið hefst löngu fyrir þann dag sem hefur verið fastur upphafsdagur, 1. maí og lýkur löngu áður en strandveiðunum yfir landið lýkur 31. ágúst.

4. Aðalfundurinn hvetur smábátæigendur um land allt til að gera rækilega vart við sig á framboðsfundum sem nú fara í hönd fyrir komandi alþingiskosningar.

5. Aðalfundurinn furðar sig á því virðingar- og skeytingarleysi sem sjávarútvegsráðherra hefur sýnt viðhorfum LS og svæðisfélögum þess.

Samráð við heildarsamtök smábátæigenda hefur verið í algeru lágmarki og þá sýndu vinnubrögð hans í upphafi embættissetunnar að tekjumöguleikar og væntingar strandveiðimanna á D svæðinu eru ekki einu sinni þess virði að eiga hin minnstu samskipti við viðkomandi aðila þar um.

Nú hafa borist þær fréttir að ráðherrann hafi skipað óformlegan vinnuhóp varðandi endurskoðun á strandveiðikerfinu.

Aðalfundurinn afpakkar frekari afskipti núverandi sjávarútvegsráðherra af málefnum smábátaútgerðarinnar og krefst þess að vinnuhópurinn verði tafarlaust leystur upp.

6. Aðalfundurinn fer þess lengstra orða fram á við Faxaflóahafnir að hætta að þrengja að smábátum í Reykjavíkurböfn. Félagið vill eiga góð samskipti við höfnina og lýsir fullum vilja til samstarfs um þau mál sem að smábátunum snúa.

7. Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld að starfsemi og rannsóknaaðferðir Hafrannsóknastofnunar verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Til þess verði fengnir sérfræðingar á sviði líffræði og annarra tengdra vísinda, innlenda og erlenda og ekki handvalið í slíkan rannsóknarhóp eftir þýlyndi viðkomandi við stefnu Hafrannsóknastofnunar.

Stefna Hafrannsóknastofnunar er löngu úr sér gengin. Engu skiptir hversu mikill fiskur gengur á miðin og reynsla veiðimanna einskis metin. Þegar fiskveiðikerfið var leitt í lög árið 1984 var allt talið í kalda koli og gefnar út veiðiheimildir sem eru sambærilegar þeim sem var verið að gefa út í byrjun

nýhafins fiskveiðiárs. Nú er hins vegar einhverjum „stórkostlegum árangri“ fagnað. Hver hann er fær ekki nokkur veiðimaður skilið.

8. Aðalfundurinn hafnar alfarið vangaveltum um skiptingu á makríl aflaheimildum fyrir aðrar tegundir og skorar á stjórnvöld að auka aflaheimildir smábáta í markil og afnema þá hlutdeildarsetningu sem framkvæmd hefur verið með reglugerð síðastliðin 2 ár.

Sæljón

*Aðalfundur Sæljóns, félags smábátæigenda á Akranesi,
haldinn 29. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

Strandveiðar

1. Aðalfundur Sæljóns mótmælir harðlega ákvörðun sjávarútvegsráðherra að skerða aflaviðmiðun á veiðisvæði D um 200 tonn.

Enn fremur að bæta 400 tonnum við önnur veiðisvæði en skilja okkur eftir með skertan hlut. Fundurinn gerir kröfu um að félagsmenn sitji við sama borð og aðrir með sömu afkomumöguleika.

2. Aðalfundurinn tekur undir hugmyndir um að strandveiðikerfinu verði breytt þannig að hægt sé að róa fjóra daga í viku, fjóra mánuði á ári með fjórar rúllur og sama róðratíma 14 klst.

Ef ekki er komið til móts við þær kröfur vilja strandveiðisjómenn á Akranesi fá að byrja veiðar í apríl og sleppa veiðum í ágúst mánuði.

Heildaraflí

3. Aðalfundur Sæljóns lýsir vanþóknun sinni á ákvörðun sjávarútvegsráðherra um aðeins 5.000 tonna aukningu á heildarafla. Ráðherra segist fara eftir tillögum Hafró en þær byggjast á hæpnum forsendum eins og fulltrúar Landssambands smábátæigenda hafa sýnt fram á með rökum sem fengnar eru úr gögnum Hafró. Fundurinn gerir kröfu um að farið verði að tillögum Landssambands smábátæigenda í þessum efnun.

Gjaldtaka á smábátasjómenn

4. Aðalfundur Sæljóns mótmælir óhóflegum gjaldtökum á smábátæigendur. Gjaldtakan vex sem þúkinn á fjósbitanum. Fundurinn telur að Landssamband smábátæigenda eigi að skipa starfshóp sem fer nákvæmlega í saumana á

þessari óværu með það markmið að losa félagsmenn við sem mest af þessu (eftirlitsgj., skoðunargj., aflagjöld, hluti af kostn. við löndun, skipagjöld o.s.frv.)

Fiskverð

5. Aðalfundur Sæljóns telur að sú lækkun sem hefur orðið á fiskverði sl. 5 ár sé ekki einhlít. Fundurinn telur að hugsanlega sé um samráð milli fiskkaupenda að ræða. Fulltrúar Landssambands smábátæigenda þurfa að fara í þetta mál og leita e.t.v. til Samkeppnisstofnunar eftir liðsinni.

Uppboð á veiðiheimildum

6. Aðalfundur Sæljóns telur ekki tímabært að álykta um uppboðsleið á veiðiheimildum. Fundurinn telur engu að síður nauðsynlegt að fylgjast vel með hvernig málin þróast hjá vinum okkar í Færeyjum sem eru að þróa uppboðsleið með hluta af sínum veiðiheimildum.

Undanþága á veiðiskyldu í alvarlegum veikindum

7. Aðalfundur Sæljóns ályktar að Landssamband smábátæigenda óski eftir því að sjávarútvegsráðherra fái leyfi til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

Veiðar á stór hvölum

8. Aðalfundur Sæljóns lýsir stuðningi við stórhvalveiðar við Ísland enda eru veiðarnar sjálfbærar og undir eftirliti vísindamanna sem láta náttúruna njóta vafans ef einhver er. Varasamt getur verið að taka of mikið tillit til „náttúruverndarfólks“ sem er fullt af trúarofstæki hvað þetta varðar.

Veiðar á ufsa

9. Aðalfundur Sæljóns gerir kröfu um að veiðar á ufsa ættu að vera frjálssar þar sem ekki hefur náðst að veiða viðmiðunarkvóta undanfarin ár.

Makrílveiðar

10. Aðalfundur Sæljóns telur að hlutur smábáta í makrílkvótanum við Ísland eigi að vera 16.000 tonn og að krókaveiðar á makríl eigi að vera frjálssar.

Fundurinn harmar stjórnun þessara veiða sl. ár og lýsir vanþóknun sinni á þeim vinnubrögðum sem notuð voru við ákvarðanatöku að veiðunum.

Grásleppuveiðar

11. Aðalfundur Sæljóns mótmælir harðlega þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.

Fundurinn krefst þess að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust felld úr gildi.

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net en þessi athugun var framkvæmd af sértökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá.

Fundurinn telur að skoða þyrfti breytingar á skipulagi grásleppuveiða er gengu út á það að öll landsvæði byrjuðu veiðar á sama tíma. Þá telur fundurinn að Landssamband smábátæigenda eigi að þrýsta á að hrognakaupendur gefi út verð sín viku fyrir að vertíð hefjist.

Snæfell

Aðalfundur Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi,

haldinn 11. september 2016, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Snæfells leggur til að tekin verði upp aflaívilnun til þeirra sem landa á fiskmarkað.

Greinargerð

Yrði það til styrkingar á fiskmörkuðum og myndi einnig styrkja einyrkjaútgerð.

2. Aðalfundur Snæfells leggur til að veittur verði afsláttur af veiðigjaldi þeirra sem eru eingöngu í útgerð án fiskvinnslu.

Greinargerð

Einyrkjaútgerð á í vök að verjast og hallar verulega á þá í samkeppni við útgerð með fiskvinnslu.

3. Aðalfundur Snæfells leggur til að tillögur til strandveiða frá aðalfundi LS 2015 verði áfram, þ.e. 4 dagar, 4 vikur, 4 mánuðir, 4 rúllur, 774 kg pr dag o.s.frv.

4. Aðalfundur Snæfells fagnar þingsályktun/tillögu um að leyfa skipstjóra að taka ferðamenn með á fiskveiðar.

5. Aðalfundur Snæfells leggur til að heimilt verði að sameina 2 grásleppuleyfi á bát.

Greinargerð

Sameining leyfa verði til þess að hagkvæmara verði að gera út grásleppubát, nýta netaúthaldið og bátinn í lengri tíma en nú er o.s.frv.

6. Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar.
7. Aðalfundur Snæfells telur brýnt að efla þurfi öryggismál sjómanna.
8. Aðalfundur Snæfells telur að reglugerðarhólf eigi að opna tafarlaust og að ráðuneytið hlusti betur á heimamenn í sambandi við lokanir.
9. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir að tegundafærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.e. að menn (bátar) megi nota allt að 2% af hverri tegund til tegundabreytinga, þó að hámarki 5% eins og það var.

Greinargerð

Rökin fyrir þessu eru að menn sjái sér hag í að láta ufsa detta niður dauðann, sem er þvert á tilgang fiskveiðilaganna frá 2010. Til að útskýra málið þá eru menn að fara svokallaða öfuga tilfærslu með því að láta ufsa detta niður dauðann og fá aukningu í öðrum aukategundum í staðinn, það var ekki tilgangur umræddra laga.

10. Aðalfundur Snæfells vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.
11. Aðalfundur Snæfells skorar á Samgöngustofu að nöfn báta séu rétt skráð á AIS. Ella fái þeir bátar ekki haffærisskírteini.
12. Tekið skuli upp félagsskírteini LS og samið við fleiri þjónustuaðila eingöngu til LS. Hækkun á félagsgjöldum frestist um eitt ár.
13. Aðalfundur Snæfells vill að eigendur grásleppuleyfa fái að kjósa um það einir hvort kvótasetja eigi grásleppu eða ekki.
14. Reglugerðarhólf verði ekki sett á handfæraveiðar, heldur verði þeir bátar sem uppvisir eru að veiðum á smáfiski sviptir veiðileyfi.
15. Aðalfundur Snæfells leggur til að hrygningarstoppi við Faxaflóa og Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert.
16. Aðalfundur Snæfells leggur til að veiðidagar á grásleppuveiðum taki mið af heildarafla sem Hafrannsóknastofnun leggur til.
17. Aðalfundur Snæfells leggur til að veiðigjald verði fært til fyrra horfs þannig að veiðiréttarhafar greiði veiðigjaldið.

18. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega uppboðsleið á aflaheimildum. Slíkar hugmyndir stefna útgerð um land allt í uppnám og óvissu.
19. Aðalfundur Snæfells lýsir fullum stuðningi við aflamarkskerfið.
20. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega kvótasetningu á makríl og skorar á stjórnvöld að taka upp fyrra stjórnkerfi við veiðar smábáta á makríl og ekki verði kvikað fra kröfunni um 16% hlutdeild smábáta í útgefnum heildarafla á makríl.

Krókur

Aðalfundur Strandveiðifélagsins Króks, félags smábátæigenda í Barðastrandarsýslu, haldinn 17. september 2016, samþykkti eftirfarandi:

1. Strandveiðifélagið KRÓKUR leggur til að tilhögun þeirra vistvænu strandveiða sem nú eru stundaðar verði 4 dagar í viku í 4 mánuði með 4 rúllur.
2. Strandveiðifélagið KRÓKUR leggur til að greiðsla veiðigjalds verði fært til fyrra horfs. Þeir greiði gjaldið sem eru handhafar veiðiheimildanna.
3. Strandveiðifélagið KRÓKUR leggur til að krókaveiðar á makríl verði frjálssar og hlutdeild þeirra í veiðunum verði að lágmarki 16%.

4. Strandveiðifélagið KRÓKUR hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
5. Strandveiðifélagið KRÓKUR leggur til að smærri útgerðir án vinnslu greiði ekki veiðigjöld.
6. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjaðarhrepp að sjá til þess að reglur um úthlutun byggðakvóta verði sanngjarnar og tryggi að sem flestir fái úthlutað byggðakvóta og að hann nýtist allur.
7. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á stjórnvöld að heimila löndun á hvítlúðu enda sé ekki um beina sókn að ræða.
8. Strandveiðifélagið KRÓKUR fagnar hinni miklu uppbyggingu í laxeldi á sunnanverðum Vestfjörðum. Aldrei fyrr hefur orðið svo mikil fjárfesting á svæðinu á jafn stuttum tíma, en fjárfestingar fyrirtækjanna hlaupa á milljörðum. Öll umgjörð eldisins er skv. ströngustu kröfum sem gerðar eru í heiminum í dag. Uppbyggingin hefur fjölgað atvinnutækifærum og íbúum á svæðinu. Í kringum laxeldið er fjöldi afleiddra starfa og hefur hin hraða uppbygging t.d. rennt tryggari stoðum undir rekstur smábátaútgerða þar sem sjómenn hafa fleiri atvinnutækifæri á þeim tímum sem ekki er róíð.

Elding

*Aðalfundur Eldingar, félags smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum,
haldinn 18. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Aðalfundur Eldingar vill að staðið verði vörð um línuvinnun.
2. Aðalfundur Eldingar leggur áherslu á að hvalveiðar haldi áfram.
3. Aðalfundur Eldingar vill að tekin verði upp markaðsávinun fyrir báta sem landa á markaði með því að lækka veiðigjaldið.

Greinargerð

Hægt verður að koma upp greiðslumiðlun og lækka með því
umsýslukostnað. Eðlilegt er að viðskiptavinir markaðanna njóti þess.

4. Aðalfundur Eldingar krefst þess að sérstakt gjald (kr. 50.000) á strandveiðileyfi verði fellt niður.

Greinargerð

Óeðlilegt er að minnstu veiðileyfin séu ein látin greiða sérstakt gjald.

5. Byggðakvóti

5.1.

Almenni byggðakvótinn sem er í umsjón Fiskistofu skal einskorðast við

dagróðrabáta á krókaveiðum.

Greinargerð

Smábátaútgerð (sér í lagi heilsársútgerð) er nær ávallt staðbundin þ.e.a.s. starfsmenn og eigendur útgerðanna eru búsettir í viðkomandi byggðarlagi. Það tryggir margföldunarhrif í störfum fyrir byggðarlagið og auknar tekjur fyrir sveitarfélagið.

5.2.

Almennum byggðakvóta til krókaveiða á heimamiðum verði úthlutað til allra sjávarþorpa á Vestfjörðum óháð kvótastöðu fyrirtækja í bænum og atvinnuástandi.

Tekið verður mið af veiðireynslu við úthlutun.

Greinargerð

Krókaveiðar á heimamiðum byggðanna marka upphaf þorpanna og hafa verið stundaðar óslitið fram á þennan dag. Um er að ræða grunnatvinnuveg byggðanna sem á að vera tryggður fyrir tilfallandi geðþóttaákvörðunum einstaklinga (sala á aflaheimildum) og tímabundnum og kerfislægum sveiflum í efnahagsmálum (gengissveiflur, skulda- og eignabólur).

Á öruggum og traustum grunni aukast sömuleiðis möguleikar á uppbyggingu annarra atvinnugreina. Fólk er líklegra til að fjárfesta í nýsköpun og ferðapjónustu á stöðum þar sem fasteignaverð og þjónusta er ekki ofurseld viðskiptum með kvóta.

Lífsgæði íbúa batna við að losna undan þeirri ævarandi og ávallt

nálægu hættu á að aflaheimildir staðarins verði seldar í burtu.

5.3.

Samningur um nýtingu á byggðakvóta verði gerður til lengri tíma en nú er gert, t.d. þriggja eða fimm ára með möguleika á endurnýjun.

Greinargerð

Veitir útgerðinni fyrirsjáanleika til framtíðar sem jafnframt gefur fyrirtækjum tækifæri til að skipuleggja reksturinn til lengri tíma og eykur fjárfestingagetu þeirra.

Nýtingarétturinn getur fylgt bátum við eigendaskipti ef nýr rekstraraðili uppfyllir skilyrði samningsins.

6. Öll veiði- og auðlindagjöld renni til viðkomandi byggðarlaga og sveitarfélaga.

Greinargerð

Tryggja þarf byggðunum öruggar tekjur óháð breytingum á eignarhaldi aflaheimilda. Byggðirnar þurfa t.d. að fjármagna grunnþjónustu hvað sem viðskiptum með kvóta líður.

Ef aflaheimildir byggðanna eru ekki nýttar getur bærinn gripið til þess ráðs að leigja þær.

7. Handfæraveiðar á uppsjávarfiski verði gerðar frjálssar.

Greinargerð

Handfæraveiðar skapa alls enga hættu á ofveiði uppsjávarfiska en ofveiði er helsta ástæða fyrir takmörkun á sókn.

Göngur uppsjávarfiska eru mjög sveiflukenndar og sjálfsagt að byggðirnar njóti þess þegar uppsjávarfiskar ganga á heimamið þeirra.

8. Fyrirkomulagi strandveiða verði breytt þannig að veiðar verði leyfðar fjóra daga í viku yfir fjögurra mánaða tímabil. Tekið verði skýrt fram að aflareynsla á strandveiðum verði aldrei metin til kvóta.

Greinargerð

Draga úr áhættu og þeim hvata í kerfinu sem myndast við ólympískar veiðar. Veita útgerðum stöðuleika og getu til að skipuleggja reksturinn til lengri tíma.

Með því að taka út hvatann, sem væn kvótæign miðað við veiðireynslu skapar, er stuðlað að því að jafnvægi myndist í aflabrögðum, sjósókn og rekstri ólíkra fyrirtækja.

9. Elding harmar ákvörðun Hafró og sjávarútvegsráðherra um að auka ekki meira við þorskaflaheimildir fyrir núverandi fiskveiðiár.

Greinargerð

Aflabrögð í þorski hafa verið með eindæmum góð á öll veiðarfæri undanfarin ár. Það er einróma dómur allra skipstjóra og sjómanna að þorskstofninn þoli mun meira veiðiálag og að óhætt hefði verið að auka þorskkvótann um a.m.k. 30 þúsund tonn.

10. Elding krefst þess að samband AIS kerfisins verði stórbætt úti fyrir Vestfjörðum. Sama má segja um síma- og talstöðvarsamband.

Greinargerð

Ef nota á þessi kerfi sem öryggis- eða eftirlitstæki verða þau að virka almennilega. Það vantar búnað í landi til að svo verði.

Strandir

*Aðalfundur Stranda, félags smábátæigenda í Strandasýslu,
haldinn 18. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Aðalfundur Stranda krefst að makrílveiðar á króka verði gefnar frjálssar og hafnar kvótasetningu á makríl.
2. Aðalfundur Stranda hafnar öllum hugmyndum um uppboð á aflaheimildum.
3. Aðalfundur Stranda leggur til að tekin verði upp aflaávilnun til þeirra sem landa á fiskmarkað.
4. Aðalfundur Stranda mótmælir harðlega reglugerðarlokunum og krefst þess að reglugerðarlokunir standi aldrei lengur en sex mánuði.
5. Aðalfundur Stranda hvetur til að lækkað verði veiðigjald á þær útgerðir sem eingöngu eru í útgerð án fiskvinnslu.
6. Aðalfundur Stranda skorar á Samgöngustofu að fylgja fast eftir að nöfn báta séu rétt skráð í AIS kerfi.

7. Aðalfundur Stranda mótmælir háum skoðunargjöldum og fer fram á að þeim verði breytt með þeim hætti að menn framkvæmi skoðanir sjálfir og skili þar til gerðum gátlista til síns tryggingafélags. Skal tryggingafélag annast eftirlit með skyndiskoðunum hvenær sem er og tryggja þannig að báturinn sé alltaf í lagi.
8. Aðalfundur Stranda leggur til að stjórn grásleppuveiða verði með svipuðum hætti og verið hefur.

Skalli

*Aðalfundur Skalla, félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra,
haldinn 23. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Aðalfundur Skalla leggur til að strandveiðar verði stundaðar 4 daga í viku, í 4 mánuði, með 4 rúllur, 774 kg á dag. Þar sem margir virða ekki reglur um hámarksafla verði tekið strangar á því og jafnvel beitt veiðibanni.
2. Aðalfundur Skalla vill að krókaveiðar á makríl verði frjálssar og hlutdeild þeirra í veiðunum verði ákveðin prósentu.
3. Aðalfundur Skalla leggur til að greiðsla veiðigjalds verði fært til fyrra horfs. Þeir greiða gjaldið sem eru handhafar veiðiheimildanna.
4. Aðalfundur Skalla vill að smærri útgerðir án vinnslu, sem landa á markaði, greiði ekki veiðigjöld.
5. Aðalfundur Skalla skorar á Samgöngustofu að nöfn báta séu rétt skráð hjá AIS, annars fái bátar ekki haffærisskírteini.

6. Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að auka byggðakvóta, þar sem hann hefur verið skertur alla verulega, t.d. á Blönduósi og Sauðárkróki.
7. Aðalfundur Skalla mótmælir öllum hugmyndum varðandi uppboð á veiðiheimildum.
8. Aðalfundur Skalla leggur til að upphafstími grásleppuveiða á svæði E, verði 10. mars.
9. Aðalfundur Skalla fagnar lækkun veiðigjalds en telur frekari lækkun nauðsynlega sökum ört versnandi afkomu smærri útgerða.

Drangey

*Aðalfundur Drangeyjar, smábátafélags Skagafjarðar,
haldinn 23. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Aðalfundur Drangeyjar styður eindregið stefnu LS um að strandveiðar verði heimilaðar fjóra daga í viku á tímabilinu maí til ágúst. Þá leggur Drangey áherslu á að heildaraflahámark í strandveiðum verði afnumið og að strandveiðiafli teljist ekki með í heildarafla skv. svokallaðri aflareglu. Daglegt aflahámark á bát, ásamt 4-4-14 reglunni er fyllilega nægjanleg stjórn á þessum vistvænu veiðum.

2. Aðalfundur Drangeyjar leggur til að gerð verði úttekt á notagildi björgunarþurr galla, þ.e. hvernig það er að klæðast gallanum við hinar ýmsu aðstæður sem kunna að skapast á minni bátum.
3. Aðalfundur Drangeyjar leggst alfarið gegn því að hróflað verði við því banni gegn dragnótaveiðum sem í gildi hefur verið á Skagafirði.
4. Drangey skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því að fiskirannsóknir verði eflar á grundvelli strandveiða og annarra krókaveiða og að meira verði nýtt af þekkingu og reynslu sjómanna við stjórn fiskveiða og ákvarðana um heildarafla.
5. Aðalfundur Drangeyjar vill að uppboðsleið á fiskveiðiheimildum verði skoðuð vandlega, enda tryggi slík aðferð meira jafnræði og jafnvægi í framboði og eftirspurn á kvótamarkaði. Útfærslan á uppboðsleiðinni þarf einnig að stuðla að nýliðun í greininni, tryggja jafnræði milli útgerðarflokka og taka tillit til breytileika útgerðar milli landshluta.
6. Fundurinn samþykkir eindreginn stuðning við erindi smábátæigenda á Hofsósi varðandi endurbætur á Hofsóshöfn sem kemur fram í bréfi til sveitarstjórnar.

Klettur

*Aðalfundur Kletts, félag smábátæigenda Ólafsfjörður - Tjörnes,
haldinn 24. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Veiðiheimildir

- 1.1 Aðalfundur Kletts lýsir vonbrigðum með að ekki sé heimiluð meiri heildarveiði í þorski og skorar á stjórnvöld að færa aflareglu í fyrra horf.
Hafrannsóknastofnun á ekki að hafa heimild til að ákveða einhliða aflareglu án umræðu og samráðs við stjórnvöld og atvinnugrein.
- 1.2 Aðalfundur Kletts leggur til að bátar án aflahlutdeildar fái að flytja ákveðið aflamark milli fiskveiðia ára til að tryggja samfelldar veiðar þeirra. Heimild til að geyma aflamark milli ára sem verði bundið 100 % veiðiskyldu.
- 1.3 Aðalfundur Kletts skorar á sjávarútvegsráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.
- 1.4 Aðalfundur Kletts ítrekar fyrri ályktanir um að línuvölnun nái til allra dagróðrabáta.
- 1.5 Aðalfundur Kletts skorar á sjávarútvegsráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs þ.e.a.s. fiskveiðiaárið eitt tímabil.

2. Strandveiðar

- 2.1 Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld og ráðherra að efla strandveiðar enn frekar og tryggja samfelldar veiðar 4 daga í viku í fjóra mánuði í samræmi við áður framkomnar tillögur strandveiðinefndar LS.
- 2.2 Aðalfundur Kletts leggur til að hægt verði að segja sig úr strandveiðum um hver mánaðamót.
- 2.3 Aðalfundur Kletts leggur til að ólögmetur umframafli á strandveiðum dragist ekki frá sameiginlegum heildarpotti.
- 2.4 Aðalfundur Kletts leggur til að eigendaákvæðið í strandveiðikerfinu verði fellt út.
- 2.5 Aðalfundur Kletts leggur til að strandveiðar verði ekki heimilar á mánudeginum eftir sjómannadag.
- 2.6 Aðalfundur Kletts leggur til að strandveiðar verði ekki heimilar á fimmtudegi fyrir verslunarmannahelgi.
- 2.7 Verði strandveiðikerfið óbreytt er það ósk félagsins að strandveiðipotturinn innan svæðis B vixlist í maí og ágúst.

3. Makríll

- 3.1 Aðalfundur Kletts telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiði á makríll og vega að einhverju leyti á móti rányrkju tegundarinnar með því að gefa krókaveiðar á makríll frjálssar á grunnslóð.

4. Stjórn fiskveiða

- 4.1 Aðalfundur Kletts mótmælir þeim miklu álögum og gjöldum sem smábátaútgerð sætir, svo sem í formi veiðigjalda og alls kyns eftirlits og þjónustukostnaðar. Stór aukinn kostnaður síðustu ára ásamt óskilvirku regluverki hefur rýrt rekstrarhæfi margra útgerða. Eru þessi gjöld orðin útgerðum mjög íþyngjandi.
- 4.2 Klettur telur tímabært að rýmka heimildir á þeim veiðarfæratáknörkunum sem bátar með krókaflamarksleyfi sæta og skoða ætti að heimila að einhverju leyti staðbundin veiðarfæri innan kerfisins. Hvort sem það er gert með sérveiðileyfum eða almennri breytingu á veiðikerfi krókaflamarksbáta. Myndi slík ráðstöfun auka sveigjanleika og afkomumöguleika smábátaútgerðar til annarra veiða t.d. til að veiða með síldar-, skötusels-, grálúðu- og kolanetum. Eða betri afkomumöguleika með netaveiðum á ufsa og þorsk. Myndu möguleikar smábátaútgerðarinnar t.d. til að nýta aflaheimildir í ufsa batna.
- 4.3 Klettur telur brýnt að tryggð verði virkari verðmyndun á fiski m.a. með því að tryggja með reglum, aukið framboð afla á skipulögðum uppboðsmörkuðum.

- 4.4 Aðalfundur Kletts fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuvinnunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrungar og spillingar.
- 4.5 Skorað er á stjórnvöld að tryggja að langdrægni AIS kerfisins sé með þeim hætti að það nái yfir þekktar veiðislóðir smábáta til að tryggja sem best öryggi þeirra.
- 4.6 Aðalfundur Kletts leggur til að óheimilt verði að stunda handfæraveiðar þar sem hlutfall undirmáls í þorski fer yfir 10%.

Greinargerð

Með ofangreindri reglu ætti að vera komið í veg fyrir skyndilokanir vegna handfæraveiða.

- 4.7 Aðalfundur Kletts skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðalokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfa falli úr gildi eigi síðar en sex mánuðum eftir að þau hafa verið ákveðin.

5. Grásleppa

- 5.1 Aðalfundur Kletts leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði E að því gefnu að verð liggja fyrir. Ákvörðun um veiðidaga verði í höndum LS og taki mið af markaðsaðstæðum.

- 5.2 Aðalfundur Kletts leggur til að stækkun grásleppuleyfa verði einungis gerð með sameiningu leyfa, jafnframt verði skoðaðar leiðir til að sameina leyfi á bátá, þannig að bátur geti stundað veiðar með fleiri en einu leyfi og mætt þannig kröfu um aukna hagræðingu.
- 5.3 Aðalfundur Kletts kallar eftir rökstuðningi yfirvalda á hækkandi veiðigjald á grásleppu milli ára.
6. Aðalfundur Kletts lýsir yfir ánægju með að keila, langa og karfi sé nú komin í línuvinnun.
7. Aðalfundur Kletts leggur til að fyrstu 300 kg. (óslægt) af ufsa telji ekki í 650 ígilda skammtinn.
8. Aðalfundur Kletts skorar á ráðherra að gera breytingar á lúðubanni og leyfa öllum að landa lúðu sem meðafla, en ekki bara sumum.
9. Aðalfundur Kletts hafnar algerlega öllum hugmyndum um uppboðsleið á fiskveiðiheimildum.

Fontur

*Aðalfundur Fonts, félags smábátæigenda á Norðausturlandi,
haldinn 25. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Aðalfundur Fonts vill óbreyttar strandveiðar sem stunda megi fulla 4 mánuði sumars frá maí til september.
2. Aðalfundur Fonts vill að ufsi verði utan kvóta á handfærum í júlí og ágúst.
3. Aðalfundur Fonts hafnar öllum tillögum um kvótasetningu á grásleppu.
4. Aðalfundur Fonts lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna lífeyrisréttinda félagsmanna. Stöðugt hærra hlutfall launa rennur í lífeyrissjóðina. Á sama tíma eru lífeyrisgreiðslur skertar reglulega. Fontur leggur til að skipuð verði nefnd LS um að kanna sameiningu lífeyrissjóða.
5. Aðalfundur Fonts leggur til að handhafar kvóta greiði veiðigjöldin en ekki þeir sem leigja kvótann.
6. Aðalfundur Fonts leggur til að veiðigjald verði fellt niður á smábátum sem veiða minna en 100 tonn á ári.

7. Aðalfundur Fonts vill að makrílveiðar á smábátum verði gefnar frjálssar.

8. Aðalfundur Fonts mótmælir harðlega öllum áformum um byggingu stórskipahafnar í Finnafirði og Gunnólfsvík.

Samkvæmt þeim hugmyndum sem fram hafa komið og birst í fjölmiðlum, þá munu aðal hrygningarstöðvar þorsks sunnan Langaness allt suður fyrir Glettinganes verða innan hafnar.

Merkingar Hafró hafa sýnt að fiskur merktur á hrygningarslóðinni í Finnafirði og Gunnólfsvík veiðist aðallega á svæðinu frá Langanesi suður undir Glettinganes. Augljóst má vera að það er ekki tilviljun að þorskurinn velur sér þetta svæði til hrygningar. Þarna eru einfaldlega bestu skilyrði til hrygningar þorsks sunnan Langaness.

Aðalfundur Fonts telur einboðið að bygging hafnar í Finnafirði og Gunnólfsvík stefni veiðistofni þorsks á svæðinu sunnan Langaness í verulega hættu. Með byggingu hafnarinnar er afkomu félagsmanna Fonts stefnt í algjöra óvissu. Aðalfundur Fonts gerir þá kröfu að nú þegar verði látið af öllum áformum í þessa veru.

Aðalsmerki smábátasjómannanna eru umhverfis- og vistvænar veiðar þar sem fyllstu varúðar er gætt gagnvart náttúrunni.

Eyðilegging stærstu hrygningarstöðva þorsks sunnan Langaness er umhverfisslys í sinni verstu mynd.

Stjórn Landssambands smábátæigenda

Reykjavík 31. ágúst 2016

Heildarskjal



Til 32. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

Efni: Tillaga um breytingar á samþykktum Landssambands smábátæigenda

31. aðalfundur Landssambands smábátæigenda vísaði eftirfarandi tillögu um lagabreytingu til 32. aðalfundar LS.:

13. gr. orðast svo:

Á aðalfundi skal tekið fyrir eftirfarandi:

- 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi og rekstur félagsins á liðnu starfsári.*
- 2. Ársreikningur félagsins fyrir síðasta reikningsár skal lagður fram til samþykktar, ásamt athugasemdum skoðunarmanna.*
- 3. Kosning 15 manna stjórnar að fengnum tillögum frá hverju svæðisfélagi.*
- 4. Kosning formanns.*
- 5. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna.*
- 6. Ákvörðun þóknunar til formanns og stjórnar fyrir störf þeirra á kjörtímabilinu.*
- 7. Tillögur um lagabreytingar sem löglega eru bornar fyrir sbr. 10. gr.*
- 8. Önnur mál.*

Breytingartillaga: *Í tölulíð 3, í stað 15 komi 16.*

15. gr. orðast svo:

Stjórn LS skal skipuð 16 mönnum. Stjórnin skipti með sér verkum, að öðru leyti en getur um í 13. grein. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda, það er um það bil eitt ár.

Fyrir hvern aðalfund LS skal endurskoða fulltrúafjölda svæðisfélaganna, sem tekur mið af fjölda báta sem greitt hefur verið félagsgjald fyrir næstliðið almanaksár. Þrátt fyrir framangreint skulu öll svæðisfélög LS hafa að lágmarki 1 fulltrúa á aðalfundi.

Breytingartillaga: **Í stað 16 í 1. málslið komi 17.**

Greinargerð

Drangey – smábátafélag Skagafjarðar var stofnað á Sauðárkróki 24. janúar 2015. Á stofnfundi félagsins var samþykkt að óska eftir að Drangey yrði eitt af svæðisfélögum LS og mundi þannig fá sinn fulltrúa í stjórn landssambandsins. Tillögum Drangeyjar er ætlað að ryðja úr vegi hindrunum í samþykktum LS um fjölda svæðisfélaga og stjórnarmanna í LS.

Tilnefningar um grásleppunefndarmenn 2016 – 2017

Grásleppunefnd LS 2015 – 2016:

Andri Viðar Víglundsson	Ólafsfirði
Birgir Ingvarsson	Bakkafirði
Guðmundur R. Guðmundsson	Drangnesi
Guðmundur Jónsson	Hafnarfirði
Haukur Einarsson	Reykjavík
Valentínus Guðnason	Stykkishólmi

Tilnefningar 2016 – 2017 frá svæðisfélögum:

Frá Austurlandi	Kári Borgar Ásgrímsson, Borgarfirði eystra
Frá Drangey	Höskuldur Hjálmarsson, Sauðárkróki
Frá Eldingu	Bæring Gunnarsson, Bolungarvík
Frá Fonti	Birgir Ingvarsson, Bakkafirði
Frá Kletti	Andri Viðar Víglundsson, Ólafsfirði.
	Varamaður Þórður Birgisson, Húsavík

Frá Króki	Hafþór Jónsson, Patreksfirði
Frá Reykjanesi	Haukur Einarsson, Reykjavík
Frá Reykjavík	Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði
Frá Skalla	Hilmar Zophoníasson, Siglufirði
Frá Snæfelli	Valentínus Guðnason, Stykkishólmi
Frá Ströndum	Guðmundur R. Guðmundsson, Drangnesi